

Sjálfbærni

Vísindi

Með sjálfbærni og sjálfbærri þróun er átt við að skila umhverfinu í ekki síðra ástandi en við tökum við því. Til þess að það sé mögulegt geta allir gert eitthvað þar sem margt smátt gerir eitt stórt. Skilningur á eigin áhrifum á umhverfi sitt, bæði náttúru og félagslegt, er góður grunnur til sjálfbærni menntunnar. Efniviður og hugmyndir eru kynntar fyrir nemendum með það að markmiði að kveikja áhuga þeirra á sjálfbærni, ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur. Við ýtum undir vísindalega hugsun með því að aðstoða börnin við að sjá tengsl, orsakir og afleiðingar á ýmsum hugmyndum og hugtökum. Við kennum virðingu fyrir umhverfinu og sköpum tækifæri til að upplifa og njóta þess.

Áherslur og leiðir

Í Pálmholti:

Eru vettvangsferðir mikið notaðar til að kenna nemendum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru. Þeir fá að upplifa, kanna, snerta, hlusta og horfa.

Kynnast nemendur fjarlægðum og áttum í vettvangsferðum og fá kennslu á hugtökum tengdum því sem verið er að skoða.

Er mikil áhersla lögð á flokkun, endurnýtingu og fræðslu sem stuðlar að þekkingu um sjálfbæra þróun og hringrás náttúrunnar.

Skiptast deildir á að flokka rusl eða annan úrgang og er flokkunin gerð sýnileg með myndrænni skráningu á heimasíðu skólans.

Er unnið með efnivið úr náttúrunni til að auka skilning barna á auðlindum og nýtingu náttúrunnar.

Eru upplýsingar, tölur og tákni hafðar sýnilegar með myndrænum og skriflegum hætti.

Læra nemendur á umhverfi sitt og náttúru með fræðslu, tilraunum og umræðum um eðli ýmissa efna og hluta.

Nýtum við okkur tölur, myndvarpa og rafmagn til að kenna nemendum á möguleika og takmarkanir tækninnar. Einnig er notast við hita og vatn við ýmsar vísindalegar tilraunir.

Mat

- Við metum starfið hjá okkur með markvissum skráningum á áhersluráttum skólans og gátlistum, ásamt endurmati barna og kennara, til dæmis með jafningjamati og ígrundun.
- Mat á áhuga og athugunum barna á ýmsum fyrirbærum.
- MIO matslisti á talnaskilningi, rökhugsun og rýmisvitund.
- Vettvangsferðir eru skráðar á dagatöl deilda og eru myndir sem teknar eru á ferðunum gerðar aðgengilegar á heimasíðu skólans.